

Fyrirkomulag skólastarfs í Grunnskóla Reyðarfjarðar í samkomubanni

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mótuneyti eða frímínútum. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Þetta felur í sér að:

- Nemendur í hverri stofu skulu ekki vera fleiri en 20 – en auk þeirra eiga viðeigandi starfsmenn skóla að vera í sömu stofu. Nokkrum bekkjum þarf að tvískipta.
- Nemendur mega ekki hittast í matsal og ef nemendahópar þurfa að nota sömu stofur í skóla á ólíkum tíma skal viðkomandi svæði þrifið í millitíðinni.
- Skólahúsnæðinu verður skipt upp í þrjú aðskilin svæði þar sem yngsta, mið og elsta stig hafa aðsetur. Nemendur eiga ekki að fara á milli svæða.
- Stjórnendur skólans munu tilheyra hverju stigi fyrir sig, Hildur fylgir 1.-4. bekk, Ásta 5. og 6. bekk og Díana 7.-10. bekk, ásamt því að sjá til þess að allt gangi eins vel og kostur er.

Kennslu verður háttáð þannig:

- 1. – 6. bekkur verður í skólanum í 6 kennslustundir en mæta á mismundi tímum. Sjá töflu hér fyrir neðan. Smiðjur falla niður sem og sund og íþróttir í sal.
- Nemendur í 7. – 10. bekk verða í skólanum í 4 kennslustundir, fara heim í hádegismat. Eftir það eru ýmis verkefni sem nemendur vinna að og fá upplýsingar um þau hjá kennurum sínum. Á milli kl. 12:00 – 13:00 er hægt að ná í kennara á Google Meet og annars í tölvupósti. Nemendur fara heim með Chromebook tölvurnar sínar.
- Allt val á unglíngastigi fellur niður þennan tíma, sem og allar smiðjur, sund og íþróttir í sal.

Mæting nemenda og staðsetning er sem hér segir:

Bekkur	svæði	salerni	inngangur
1.	Svæði 1	Inni í stofu	Efri inngangur kl. 07:50
2. - H	Svæði 1	Inni í stofu	Efri inngangur kl. 08:10
2. - S	Svæði 1	Inni í stofu	Efri inngangur kl. 08:00
3.	Svæði 1	Uppi á gangi	Aðal inngangur A kl. 7:50 B kl. 08:00
4.	Svæði 1	Hand og myndm	Efri inngangur A kl. 08:20 B kl. 08:30
5.	Svæði 2	Inni í stofu	Aðal inngangur A kl. 08:10 B kl. 08:20
6.	Svæði 2	Inni í stofu	Aðal inngangur kl. 08:30
7.	Svæði 3	Við bókasafn	Bókasafn kl. 08:10
8.	Svæði 3	Salerni innst	Inngangur niðri kl. 08:20
9.	Svæði 3	Við bókasafn	Bókasafn A kl. 08:20 B kl. 08:30
10.	Svæði 3	Salerni innst	Inngangur niðri kl. 08:10

Eins og sjá má er mæting á mismunandi tíma en ef systkini eru að koma á sama tíma í skólann er það í lagi svo lengi sem þau fara beint í sína heimastofu.

Umsjónarkennarar munu senda foreldrum nafnalista yfir hópaskiptingu í þeim bekkjum sem þarf að tvískipta. Eðlilega mun stundaskrá raskast en umsjónarkennarar munu sjá til þess að sem flestum greinum verði sinnt.

Veikindi og leyfi frá skóla:

- Þurfi barn að vera heima er mikilvægt að forráðamenn setji sig í samband við skólann svo umsjónarkennari geti skipulagt nám viðkomandi barns í samráði við forráðamenn.
- Sýni nemandi einkenni sem líkjast sjúkdómseinkennum sem tengjast kórónaveirunni skal hann ekki sækja skóla og foreldrar vera í samráði við heilbrigðisyfirvöld um dvöl þeirra heima (sími 1700). Algengustu einkennin eru hiti, hósti, þreyta, vöðva-, bein- eða höfuðverkur.

Vinnuskipulag í Skólaseli:

- Aðstaða í Skólaseli er breytt og felur það í sér að hver bekkur þarf að vera áfram í sinni bekkjarstofu og má ekki fara á milli í aðrar stofur. Þetta þýðir að barn er í sömu stofu frá því að það mætir á morgnana þar til Skólaseli lýkur. Þetta getur verið kerfjandi og íþyngjandi fyrir börnin þrátt fyrir að reynt verði að brjóta upp daginn á sem fjölbreyttastan hátt. Af þessum sökum eru þeir forráðamenn sem hafa tök á beðnir um að sækja börn sín fyrr.
- Þeir forráðamenn sem hyggjast sækja börn sín fyrr eru beðnir um að hafa samband við Marzennu forstöðumann Skólasels, marzenna@skolar.fjardabyggd.is, eða Díönu aðstoðarskólalastjóra, dianai@skolar.fjardabyggd.is, svo auðvelda megi skipulag starfsins.

Vegna samkomubannsins viljum við leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Foreldrar eiga ekki að koma inn í skólann með börnum sínum. Starfsmenn munu taka á móti nemendum í anddyri í byrjun skóladags og fylgja þeim þangað í lok dags.
2. Ef foreldri þarf bráðnauðsynlega að koma í skólann þá verður hann að gera vart við sig hjá ritara/skólalastjórnum, lögð er áhersla á handpott og sprittun.
3. Sú breyting verður á að skólinn opnar kl. 7:50 á morgnana fyrir fyrstu hópana en ekki kl. 7:30 eins og verið hefur.
4. Ekki verður lengur boðið upp á ávaxtanesti á morgnana, **nemendur þurfa að koma með ávexti að heiman.**
5. Sé þörf á fundum með foreldrum verða þeir skipulagðir sem fjar- eða símafundir.
6. Vegna aðstæðna verður gert hlé á símabanni 7.-10. bekkjar fram að páskafríi og verður notkun þeirra eingöngu leyfð í frímínútum. Athugið að nemendur fá ekki aðgang að gestaneti skólans.

Markmiðið er að halda úti sem bestu skólastarfi í samkomubanni, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru. Þannig að nemendur geti haldið daglegri rútinu sem hjálpar þeim til aukinnar virkni.

Við leggjum okkur öll fram um að fylgja fyrirmælum yfirvalda um samkomubann og takmörkun á hópastærðum og því er nauðsynlegt að huga vel að afþreyingu barnanna eftir að skóla lýkur og virða takmarkanir samkomubanns.

Það skal tekið fram að þetta er skipulag í upphafi samkomubanns og getur tekið breytingum frá degi til dag. Því biðjum við ykkur um að fylgjast vel með tölvupósti og á heimasíðu skólans,

www.grunnrey.is

Með von um gott samstarf,
starfsfólk Grunnskóla Reyðarfjarðar